



Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík

Ársskýrsla 2020 – 2021

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík | The Student Association of Reykjavík University
Háskólinn í Reykjavík | University of Reykjavík
Menntavegur 1, 101 Reykjavík
www.sfhr.is
studentafelag@ru.is
kt. 540305-0800

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
ÁVARP FORMANS	4
HLUTVERK SFHR	5
STJÓRN FÉLAGSINS 2020-2021	6
FRAMKVÆMDARSTJÓRN SFHR 2020-2021	7
RÁÐ OG STJÓRNIR	7
FRAMKVÆMDASTJÓRN HR	7
HÁSKÓLARÁÐ HR	7
NÁMSRÁÐ	7
BYGGINGAFÉLAG NÁMSMANNA (BN)	8
LANDSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA (LÍS).....	8
STJÓRN MENNTASJÓÐS NÁMSMANNA	8
HÁSKÓLAGARÐAR.....	9
NEFNDIR	9
ALÞJÓÐANEFND	9
ÁRSHÁTÍÐARNEFND	9
VIÐBURÐIR	10
NÝNEMADAGAR	10
ÓLYMPÍULEIKAR	10
ÁRSHÁTÍÐ HR	10
HR MUSICAL	10
STJÓRNARSTEFNUMÓTANIR.....	10
LANDSPING LÍS.....	11
SAMSTARFSADILAR	11
NOVA	11
SÍMINN PAY	11
HEIMKAUP	11
DOMINOS.....	11
MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA ÁÐUR LÍN	12
SAMFÉLAGASMIÐLAR	12
FACEBOOK	12
INSTAGRAM	12
HEIMASÍÐA	12
TÖLVUPÓSTUR.....	12
KOSNINGAR OG KJÖRSTJÓRN	13
NIÐURSTÖÐUR	13
<i>Atlas</i>	13
<i>Lögrétta</i>	13
<i>Markaðsráð</i>	13
<i>Mentes</i>	14
<i>Pragma</i>	14
<i>Tvíund</i>	15
<i>Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík</i>	15

Inngangur

Ný stjórn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík var kosin í mars 2020 en tóku formlega við á aðalfundi félagsins í byrjun Maí. Stjórnarmeðlimir voru Arna Rut Arnarsdóttir, formaður, Sólrún Ásta Björnsdóttir, varaformaður, Guðlaugur Þór Gunnarsson, gjaldkeri, Iðunn Getz Jóhannsdóttir, upplýsingafulltrúi og Atli Snær Jóhannsson, hagsmunafulltrúi en meðlimirnir buðu sig fram í einstaklings kosningum. Þessi ársskýrsla gerir grein fyrir helstu verkefnum og störfum fyrir starfsárið en athuga verður að skýrslan er ekki tæmandi yfir allt starf félagsins á starfsársins. Fyrir hönd Stúdentafélagsins þetta árið vil ég skila þakkarkveðjum og óskum öllum nemendum góðs gengis í áframhaldandi vexti í félags-og hagsmunamálum innan og utan skólans. Við lögðum okkur vel fram við að bæta hagsmuni stúdenta, efla traust SFHR og efla samsstarf SFHR við önnur hagsmunafélög háskóla á Íslandi.

Arna Rut Arnarsdóttir
Formaður SFHR 2020-2021

Ávarp formans



Á þessu skólaári hef ég lært ótal mikið í starfi mínu sem formaður Stúdentafélagsins. Árið var langt frá því að vera hefandið skólaár þar sem COVID-19 setti sitt strik í reikninginn hvað varðar skólastarf og félagslíf skólans. Það ætti ekki að þurfa að segja neinum það að liðandi skólaár hefur myndast einkum mikið á þeim takmörkunum sem verið hafa verið í samfélaginu og tók það verulega á fyrir fráfarandi stjórn. Þegar fráfarandi stjórn tók við starfinu voru miklir óvissutímar og vissum við í raun ekki hverju búast mætti við af komandi ári. Samt sem áður vorum við jákvæð og vongóð um að árið yrði gott. Við stilltum saman strengi þegar við vorum kjörin og náðum að tengjast góðum böndum fljótt. Mikil liðheild skapaðist snemma á starfsárinu sem gerði vinnu félagsins þeimur betri og var í raun nauðsynilegt fyrir árið.

Starf félagsins á árinu fólst mest megnis í tjonastjórnun við ástandinu í samfélaginu. Mjög gott samstarf var á milli stjórnar SFHR og yfirstjórnar skólans á árinu og

þá sérstaklega þegar breytingar urðu á sóttvarnarreglum sem hafði oftast nær mikil áhrif á skólastarf.

Í byrjun starfsársins tók SFHR þátt í herferð LÍS um bættu sálfræðiþjónustu í háskólum. Hluti af herferðinni var svokölluð greinaskrifa herferð þar sem forsvarsmaður úr flestum undirfélögum LÍS sendi út grein um málefnið. Fráfarandi formaður, Arna Rut skrifa grein um mikilvægi sálfræðiþjónustu og stöðu hennar í HR sem ánægjulega hafði bein áhrif á ákvörðun skólans að ráða inn sálfræðing í fullt starf.

Ég vil þakka öllum nemendum Háskólans, öllum þeim sem mönnuðu stjórn SFHR og öllum sem komu nálægt störfum félagsins.

Hlutverk SFHR

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík, SFHR, er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann í Reykjavík. SFHR ber að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna, stuðla að akademískri umræðu meðal félagsmanna og auka samheldni milli deilda. Allir sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík eru meðlimir í félaginu og eru engin félagsgjöld. Stjórnarmeðlimir SFHR eru tengiliðir milli nemenda og stjórnenda skólans þar sem unnið er náið saman að uppbyggingu gæðamála í kennslu, aðstöðu nemenda og fleira. Fulltrúi SFHR situr í flestum ráðum og stjórnnum skólans og er þar með rödd stúdenta.

Stjórn Stúdentafélagsins er skipuð fimm stúdentum úr grunn- eða framhaldsnámi við Háskólann í Reykjavík. Formaður stjórnar fundum og kemur fram fyrir hönd Stúdentafélagsins bæði innan skóla og utan auk þess að hafa yfirumsjón með starfsemi á vegum félagsins og ber hann endanlega ábyrgð á málefnum þess. Formaður situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík og situr einnig fundi Háskólaráðs. Varaformaður ritar fundargerðir stjórnarfunda, er formaður alþjóðanefndar SFHR og tengiliður stjórnar við erlenda nemendur innan skólans auk Alþjóðaskrifstofu skólans. Gjaldkeri hefur umsjón með fjárráðum SFHR og útbýr fjárhagsáætlun félagsins. Hagsmunafulltrúi vinnur að hagsmunamálum nemenda og gæðamálum náms. Einnig vinnur hann með hagsmunafulltrúum nemendafélaganna, hefur umsjón með fyrirspurnum nemenda um Menntasjóðinn og ber ábyrgð að uppfylla skyldur samkvæmt þjónustusamningi sem er gerður við Menntasjóðinn hvert ár. Hagsmunafulltrúi ber ábyrgð á endurskoðun laga Stúdentafélagsins. Upplýsingafulltrúi ber ábyrgð á öllum samfélagsmiðlum og öllu útgefnu efni félagsins. Hann vinnur náið með nemendafélögum skólans til þess að tryggja gott upplýsingaflæði og svo að hægt sé að upplýsa nemendur sem best hverju sinni.

Nemendafélög Háskólans í Reykjavík eru sex hjá grunnnemum og þrjú hjá framhaldsnemum. Formaður hvers félags situr í framkvæmdarstjórn SFHR og er þannig tryggt samvinnu nemenda allra deilda og að nemendafélögin hafa áhrif á viðburði og ákvarðanir SFHR.

SFHR er með skrifstofu í húsnæði Háskólans í Reykjavík í stofu M205. Stúdentafélagið heldur úti heimasíðunni www.sfhr.is, er með Facebook like-síðu undur nafninu Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík og er einnig með netfang, studentafelag@ru.is, þar sem öllum fyrirspurnum er svarað. Nemendur eru eindregið hvattir til þess að senda hvers kyns ábendingar eða spurningar á SFHR en alltaf er reynt að svara eftir bestu getu.

Stjórn félagsins 2020-2021



Frá vinstri:

Atli Snær Jóhannsson
Hagsmunafulltrúi

Arna Rut Arnarsdóttir
Formaður

Sólrún Ásta Björnsdóttir
Varaformaður

Iðunn Getz Jóhannsdóttir
Upplýsingafulltrúi

Guðlaugur Þór Gunnarsson
Gjaldkeri

Framkvæmdarstjórn SFHR 2020-2021

- Arna Rut Arnarsdóttir, formaður SFHR
- Helena Hrönn Haraldsdóttir, formaður Atlas
- Fannar Rafn Gíslason, formaður Lögréttu
- Selma Rún Friðjónsdóttir, formaður Markaðsráðs
- Eyþór Mikael Eyþórsson, formaður Pragma
- Björgvin Ægir Elisson, formaður Tvíundar
- Alexander Ágúst Mar, formaður Mentis

Arna Rut, formaður SFHR, stjórnaði fundum Framkvæmdarstjórnar SFHR og upplýsti fulltrúa nemendafélagsins um þau málefni sem voru í gangi hverju sinni. Á venjulegu ári væru fundar framkvæmdaráð vetvangur til þess að skipuleggja sameiginlega viðburði SFHR og nemendafélaganna. Þetta árið snérust framkvæmdastjórnarfundir að mestu leiti um skólahaldið á COVID-19 tímum og viðbrögðum háskólans. Fyrir utan fundina fór einnig mikið af samskiptum Framkvæmdastjórnar SFHR fram á Facebook spjalli.

Ráð og stjórnir

Framkvæmdastjórn HR

Framkvæmdastjórn HR skipa rektor skólans, framkvæmdastjóri tengsla, deildarforsetar allra deilda skólans, fulltrúi námsráðs, fulltrúi rannsóknarráðs, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs, framkvæmdastjóri rekstrar, framkvæmdastjóri gæða og mannauðsstjóri skólans. Þá situr formaður SFHR í Framkvæmdastjórn HR sem fulltrúi nemenda. Á borð framkvæmdastjórnar koma öll mikilvægustu málefni sem varða HR og tekur stjórn alltaf lokaákvörðun á öllum stærstu málefnum allra stoðsviða háskólans.

Háskólaráð HR

Í Háskólaráði HR sitja 10 fulltrúar atvinnulífs, akademíu og stjórnsýslu. Háskólaráð er vettvangur umræðna um stefnumótun háskólans um nám, kennslu og rannsóknir, auk tengsla háskólans og atvinnulífsins. Formaður SFHR, hefur áheyrnasæti í háskólaráði auk allra deildarforseta skólans.

Námsráð

Námsráð gegnir mikilvægu hlutverki í gæðastarfi HR og hefur það hlutverk að fjalla um málefni er tengjast kennslu og námi, bæði í grunn- og framhaldsnámi út frá almennum námsog námsmatsreglum. Í ráðinu sitja fulltrúar allra deilda ásamt einum fulltrúa nemenda, sem þetta skólaárið var Sólrún Ásta Björnsdóttir, varaformaður SFHR. Ráðið heyrir beint undir rektor og situr formaður í framkvæmdastjórn háskólans. Námsráð mótar kennslustefnu HR og fylgist með framþróun hennar. Í því felst m.a. að hvetja til og styðja góða og framsækna kennsluhætti.

Byggingafélag námsmanna (BN)

Byggingafélag námsmanna annast rekstur, útleigu og viðhald stúdentaíbúða í eigu félagsins og er SFHR aðildarfélag að BN. Auk þessa sér BN um útleigu á nýju háskólagörðum HR sem fóru í útleigu síðasta haust. Hin þrjú aðildarfélög BN eru Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Listaháskóli Íslands og Tækniskólinn. Annar hver formaður SFHR situr í stjórn félagsins, því hver og einn fulltrúi situr í tvö ár. Því situr Arna Rut Arnarsdóttir, formaður SFHR, í stjórninni til tveggja ára.

Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS)

SFHR á tvo fulltrúa í fulltrúaráði LÍSt, en á starfsárinu sem er að líða voru fulltrúar Stúdentafélagsins þau Arna Rut og Guðlaugur Þór. Varamenn voru þau Sólrún Ásta, varaformaður SFHR, og Atli Snær, hagsmunafulltrúi SFHR. Fulltrúar eru skipaðir til 2 ára, því var Guðlaugur Þór á sínu öðru ári og Arna Rut á sínu fyrsta. Landssamtök íslenskra stúdenta voru stofnuð í nóvember árið 2013 sem hagsmunasamtök allra íslenskra stúdenta og regnhlífasamtök allra átta hagsmunasamtaka íslenskra háskólanema. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlendis sem og hagsmuni íslenskra háskólanema á alþjóðavettvangi. Um leið eiga samtökin að skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög, vera þáttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi háskólanema og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum háskólum. Samtökin geta í sameiginlegu umboði allra aðildarféлага farið með samningsumboð og komið fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum. Landsþing LÍSt var haldið á Bifröst, helgina 4. – 7. mars.

Heimasíða samtakanna er www.haskolanemar.is og hafa allir stúdentar tækifæri á að sækja um að vera í nefndum samakanna.

Stjórn menntasjóðs námsmanna

Formaður, varaformaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis og fulltrúar námsmannahreyfinga. Fulltrúarnir eru tilnefndir af viðeigandi hreyfingum og skipaðir af LÍSt. Það eru þrjú fulltrúar sem sitja í stjórn fyrir hönd LÍSt og endurspeglar þeir þrjú hagsmunahópa stúdenta:

- Ríkisreknir háskólar (HÍ, HA, Hólar, LBHÍ).
- Háskólar sem innheimta skólagjöld (HR, Bifröst, LHÍ).
- Námsmenn erlendis (SÍNE).

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnar og einn fulltrúa ráðuneytisins. Þá skipar fjármála- og efnahagsráðuneytið einn fulltrúa. Fulltrúi hópsins sem HR tilheyrir er hún Erna Leifsdóttir, mastersnemi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og hefur hún setið í stjórn síðan apríl 2019.

Háskólagarðar

Háskólagarðarnir eru við Nauthólsveg við rætur Öskjuhlíðar, skammt frá háskólanum og voru teknir í notkun í haust. Næsti áfangi hefur að geyma 130 útleigugeiningar fyrir nemendur og þrjár íbúðir fyrir kennara, eins og í fyrsta áfanga. Þessar íbúðir eru í eigu sjálfseignarstofnunar sem HR hefur stofnað og verða eingöngu í boði fyrir nemendur og starfsmenn HR. Þetta verður mikilvægur valkostur til viðbótar við þær 470 íbúðir í eigu BN og þær 300 sem þeir ætla að byggja á næstu árum. Fyrsta skóflustungan við Háskólagarðanna var tekin á þann 20. September 2019 en Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðerra, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur og Eygló María Björnsdóttur, fyrrum formaður SFHR tóku fyrstu skóflustunguna á athöfninni.

Nefndir

Alþjóðanefnd

Í lögum SFHR er ákvæði þar sem fram kemur að stofna þurfi alþjóðanefnd hvert skólaár og varaformaður SFHR hefur yfirumsjón með nefndinni. Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að gæta hagsmuna erlendra nemenda við HR og vera tengiliður erlendra nemenda við SFHR og þar af leiðandi við stjórnendur skólans. Einnig á nefndin að sjá um að skipuleggja viðburði og ferðir fyrir erlenda nemendur og HR-buddies á vegum alþjóðaskrifstofunnar, tryggja að allir viðburðir skólans séu aðgengilegir fyrir erlenda nemendur auk þess að koma með umbætur á samskiptum HR og íslenskra nemenda við erlendu nemendurna.

Árshátíðarnefnd

Árshátíðarnefnd SFHR sér um að skipuleggja stærsta viðburð skólaársins, árshátíð HR. Á þessum glæsilega viðburði koma nemendur saman og njóta borðhalds, skemmtiatriða og HR musical, söngvakeppni skólans. Störf nefndarinnar eru að skipuleggja árshátíðina frá A-Ö, þar sem að á hverju ári kemur ný nefnd að nánast tómu borði. Það er að mörgu að huga þegar þarf að skipuleggja árshátíð en þeir helstu eru að ákveða staðsetningu fyrir samkvæmið, útvega skemmtiatriði, skreytingar og veislubjónustu. Engin árshátíðarnefnd var starfandi í ár þar sem ekki var hægt að halda árshátíð vegna ástandsins í samfélaginu.

Viðburðir

Nýnemadagar

Nýnemadagarnir á þessu skólaári voru með heldur öðruvísi sniði heldur en önnur ár. Þar sem aðstæðurnar í samfélaginu voru mismunandi á haust-og vorönn var mismunandi hvernig dagarnir voru uppsettir.

Á haustönn var hægt að bjóða nemendum í hús, þeim var þó skipt niður í holl. Tæknisvið var með einn nýnemadag og samfélagssvið annan, nemendur gátu komið upp í HR í ca. 70 manna hollum sem þýddi að þetta voru tólf hópar allt í allt. Þar að auki var nýnemadagur erlendra nema bæði rafrænn og í húsi þar sem margir hverjir voru enn í sóttkví. Allir hópar fengu ávarp frá Ara rektor, Örnú Rut formanni SFHR, viðeigandi deildaforseta, námsráðgjafa og forsvarsmanni frá viðeignadi nemendafélagi.

Á vorönn var ástandið í samfélaginu verra og var því ekki hægt að bjóða nýnemum í hús. Dagurinn á vorönn var því alfarið rafrænn en var þó eins byggður upp.

Ólympíuleikar

Engir Ólympíuleikar voru haldnir þetta starfsár þar sem þriðja bylgja heimsfaraldursins COVID-19 á Íslandi fór af stað í byrjun hausts.

Árshátíð HR

Það var útséð seinnipart ársins 2020 að ekki yrði hægt að halda hefðbundna árshátíð fyrir árið 2021. Í staðin fyrir hefðbundna árshátíð skipulagði stjórn SFHR rafrænan viðburð fyrir HR Musical sem venjulega er hluti af árshátíðinni.

HR Musical

Mikill metnaður var settur í HR Musical í ár af hálfu stjórnar SFHR. Við ákváðum að við myndum setja upp streymi þar sem öll lögin yrðu sýnd og úrslit væru að lokum kynnt. Jón Gnarr var fenginn til þess að vera streymisstjóri. Streymið var tekið upp í Náðarhús salnum á Bragganum. Búið var að skipuleggja 100 manna veislur hjá öllum nemendafélögum þar sem átti að vera horft á streymið. Á miðvikudag fyrir HR Musical fór af stað fjórða bylgja faraldursins á landinu, það þýddi að 10 manna samkomubann tók gildi og flauta þurfti veislurnar af. Við höldum þó okkar striki með streymið sem gekk vonum framár þrátt fyrir dræma þáttöku nemendafélaga í keppninni en aðeins þrjú af sex nemendafélögum sendu frá sér fullklárað lag. Markaðráð hrepti titilinn í ár með stórglæsilegu lagi.

Stjórnarstefnumótanir

Haldnar voru 4 stjórnarstefnumótanir á starfsárinu.

Landsþing LÍS

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS), hefur verið haldið einu sinni á ári síðan félagið var stofnað. Á Landsþingum koma saman fulltrúar frá öllum aðildarfélögum yfir heila helgi og unnin er mikilvæg vinna fyrir innra sem ytra starf LÍS. Þannig stuðla samtökin að eflingu háskólasamfélagsins, enda gríðarlega mikilvægt að hafa eina sameiginlega, sterka rödd fyrir alla íslenska stúdenta. SFHR átti níu þingfullrúa á landsþingi í ár. Landsþing LÍS fór fram dagana 4. – 7. mars á Bifröst.

Þema landsþingsins var „Menntun á umrótartímum“

Þingfulltrúar SFHR 2020:

- Arna Rut Arnarsdóttir, formaður SFHR
- Atli Snær Jóhannsson, hagsmunafulltrúi SFHR
- Guðlaugur Þór Gunnarsson, gjaldkeri SFHR
- Iðunn Getz Jóhannsdóttir, upplýsingafulltrúi SFHR
- Sólrún Ásta Björnsdóttir, varaformaður SFHR
- Alexandra Diljá Birkisdóttir
- Anton Björn Helgason
- Björgvin Ægir Elisson

Samstarfsaðilar

Nova

SFHR hóf samstarf við Nova á starfsárinu. Nova veitti félagsmönnum SFHR afslætti og tilboð, á móti auglýsir félagið sérvalið efni fyrir Nova.

Síminn Pay

SFHR hélt áfram samstarfi við Símann Pay á þessu starfsári. Eins og á seinasta ári voru félagsskírteini SFHR í Símann Pay.

Heimkaup

Ánægjulegt samstarf við Heimkaup hefur verið síðan vorið 2017 þar sem að Heimkaup greiðir SFHR fyrir auglýsingu rafbóka. Ákvörðun var tekin um að halda því samstarfi áfram á þessu starfsári.

Dominos

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Dominos haustönn 2019. Samningurinn var ekki nýttur eins og áætlað var vegna ástandsins í samfélaginu. Áætlað var að bjóða upp á fríar pítsur á viðburðum fyrir bæði nemendur og fyrir aðila í stjórnnum skólans.

Menntasjóður námsmanna áður LÍN

Haustið 2015 skrifaði stjórn SFHR undir þjónustusamning við LÍN, en það var í fyrsta sinn sem slíkur samningur var gerður við LÍN í þágu félagsmanna SFHR. Stjórn SFHR 2016-2017 gerði nýjan samning við LÍN og bauð m.a. upp á LÍN ráðgjöf á skrifstofu félagsins, M205. Þessi þjónustusamningur var endurnýjaður með stjórn SFHR 2017-2018 og var bæði boðið upp á LÍN ráðgjöf á skrifstofu stúdentafélagsins og svör við hinum og þessum spurningum á kaffihádegum. SFHR stjórn 2018-2019 hélt kaffihádegi ekki eins reglulega og fyrri stjórn en voru hins vegar til staðar til að svara spurningum í gegnum samfélagsmiðla, s.s. Facebook, sem við vorum dugleg að auglýsa á. Í ár var framlengdur um eitt ár þjónustusamningurinn sem gerður var þegar stofnunin gekk ennþá undir nafninu Lánasjóður íslenskra námsmanna, þó verða einhverjar breytingar á þessu á komandi ári þar sem nú verða fulltrúar í stjórn menntasjóðsins tilnefndir af LÍS. Þar sem ekki var hægt að halda kaffihádegi eins og hef var orðin fyrir vegna ástandsins nýtti stjórnin sér samfélagsmiðla til þess að kynna menntasjóðinn og svara spurningum nemenda.

Samfélagsmiðlar

Facebook

Stúdentafélagið var mjög virkt á Facebook en þetta skólaárið var félagið með um 3.215 fylgjendur. Lögð var áhersla að allar viðeigandi upplýsingar væru aðgengilegar nemendum á samfélagsmiðlum.

Instagram

Stúdentafélagið var mjög virkt á Instagram reikningi félagsins en það á aðalega við um Instagram Story. Þar voru viðburðir reglulega auglýstir. Stjórnin var virk að deila upplýsingum og tilboðum til nemenda. Fjöldi fylgjenda á Instagram er nú 722 en var í 636 árið áður. Notendafn félagsins er studentafelagidsfhr.

Heimasíða

Vefsíða SFHR var seinast uppfærð á starfsárinu 2016-2017. Allar upplýsingar um starf SFHR er að finna á vefsíðunni á bæði íslensku og ensku. Það er komin tími á að uppfæra síðuna en gafst ekki tími til þess á þessu starfsári. Slóð vefsíðunnar er www.sfhr.is.

Tölvupóstur

Tölvupóstur var notaður til að ná til nemenda með mikilvæg mál og var allt efni bæði á íslensku og ensku. SFHR fær reglulega fyrirspurnir í gegnum tölvupóst frá nemendum um alls kyns málefni. Netfang stúdentafélagsins er studentafelag@ru.is en einnig eru netfögn stjórnarmanna aðgengileg á vefsíðu félagsins. Mikið var að gera í tölvupóstasamskiptum við nemendum á þessu starfsári endi miklar breytingar á námi og skólahlaldi var, auk þess mikil óvissa varðandi fyrirkomulag skólahlads svo eitthvað sé nefnt.

Kosningar og Kjörstjórn

Kosningar í embætti stjórnar SFHR og aðildarféлага fóru fram 6. – 9. apríl 2021.
Kjörstjórn árið 2020-2021 skipuðu:

- Birta Rún Benediktsdóttir (Mentes) - birtab20@ru.is
- Eysteinn Einarsson (Tvíund) - eysteinn19@ru.is
- Eyþór Mikael Eyþórsson (Pragma) – eythore19@ru.is
- Helena Hrönn Haraldsdóttir (Atlas) – helenah19@ru.is
- Hera Katrín Aradóttir (Lögrétta) – hera18@ru.is
- Iðunn Getz Jóhannsdóttir (SFHR) – idunn18@ru.is
- Theodóra Líf Káradóttir (Tvíund) – theodora17@ru.is

Niðurstöður

Atlas

Embætti	Frambjóðandi	Atkvæði	Hlutfall
Formaður	Dagbjört María Þrastardóttir	29	93,5%
	Skila auðu	2	6,5%
Varaformaður	Karólína Jack	28	98,6%
	Skila auðu	1	3,4%

Lögrétta

Enginn bauð sig fram

Markaðsráð

Embætti	Frambjóðandi	Atkvæði	Hlutfall
Formaður	Matthildur Helga Víðisdóttir	117	95,1%
	Skila auðu	6	4,9%
Varaformaður	Óskar Már Óskarsson	114	92,7%
	Skila auðu	9	7,3%
Gjaldkeri	Bjarnþóra Hauksdóttir	103	92%
	Skila auðu	9	8%
Nemendafulltrúi	Bjarki Guðmundsson	104	92,9%
	Skila auðu	8	7,1%
Skemmtunarfulltrúi	Davíð Oddson Stenersen	102	91,9%
	Skila auðu	9	8,1%

Formaður hagfræðideildar	Friðgeir Óli Bjarnason	95	89,6%
	Skila auðu	11	10,4%

Mentes

Embætti	Frambjóðandi	Atkvæði	Hlutfall
Formaður	María Nína Gunnarsdóttir	102	98,1%
	Skila auðu	2	1,9%
Varaformaður	Anna Júlía Magnúsdóttir	99	96,1%
	Skila auðu	4	3,9%
Gjaldkeri	Elva Ösp Helgadóttir	94	98,9%
	Skila auðu	1	1,1%
Skemmtanastjóri	Eva María Thorarensen	91	98,6%
	Skila auðu	3	3,2%

Pragma

Embætti	Frambjóðandi	Atkvæði	Hlutfall
Formaður	Dana Sól Tryggvadóttir	76	46,6%
	Thelma Líf Olsen	66	40,5%
	Skila auðu	21	12,9%
Gjaldkeri	Atli Þór Edwald Kristinsson	80	49,1%
	Hildur Hilmarsdóttir	65	39,9%
	Skila auðu	18	11%
Viðskiptastjóri	Þorbjörg Anna	141	87,6%
	Skila auðu	20	12,4%
Viðburðastjóri	Axel Pálsson	72	45%
	Rebekka Garðarsdóttir	73	45,6%
	Skila auðu	15	9,4%
Upplýsingastjóri	Eyrún Embla Jónsdóttir	77	48,1%
	Ívar Helgi Rúnarsson	65	40,6%
	Skila auðu	18	11,2%
Markaðsstjóri	Glódís Hermannsdóttir	125	78,6%
	Skila auðu	34	21,4%
Auglýsingastjóri	Christian Lilliendahl	131	83,4%
	Skila auðu	26	16,6%

Tvítund

Embætti	Frambjóðandi	Atkvæði	Hlutfall
Formaður	Eiríkur Friðjón Kjartansson	92	89,3%
	Skila auðu	11	10,7%
Varaformaður	Daníel Sören Pétursson	93	90,3%
	Skila auðu	10	9,7%
Gjaldkeri	Úlfar Andri Snæfeld	87	91,6%
	Skila auðu	8	8,4%
Skemmtanastjóri	Rut Tryggvadóttir	89	93,7%
	Skila auðu	6	6,3%
Hagsmunastjóri	Jón Goði Ingvarsson	85	91,4%
	Skila auðu	8	8,6%
Skemmtunarfulltrúi	Elísabet Líf Birgisdóttir	64	33,9%
	Jóna Karen Þorbjörnsdóttir	69	36,5%
	Robin William Varadaraj	41	21,7%
	Skila auðu	15	7,9%

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík

Embætti	Frambjóðandi	Atkvæði	Hlutfall
Formaður	Alexander Ágúst Mar Sigurðsson	266	62,4%
	Björgvin Ægir Elisson	138	32,4%
	Skila auðu	22	5,2%
Varaformaður	Selma Rún Friðjónsdóttir	297	70,2%
	Hildur Hilmarsdóttir	93	22%
	Skila auðu	33	7,8%
Gjaldkeri	Tryggvi Björn Guðbjörnsson	343	93,2%
	Skila auðu	25	6,8%
Hagsmunafulltrúi	Ása María Ásgeirsdóttir	341	93,2%
	Skila auðu	25	6,8%
Upplýsingafulltrúi	Snæþór Bjarki Jónsson	342	92,2%
	Skila auðu	29	7,8%